



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í  
GARÐABÆ 1. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2014  
MIÐVIKUDAGINN 27.ÁGÚST KL.12:35**

**1. Bréf o.fl. erindi.**

**A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)**

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda.

Skólaráð itrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

**B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot**

Umsóknum um skerta tímasókn er vísað til aðstoðarskólameistara til afgreiðslu

Umsóknir um mat á íþróttum er vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

**C. Önnur bréf:**

Bréf frá nemanda þar sem óskað er endurskoðunar á einkunn í SAGA1JÍ03.

**Vísað til kennslustjóra í samfélagsgreinum til skoðunar**

Undanþágubeiðni frá ellefu einingum í ensku til stúdentsprófs af félagsfræðabraut

**Vísað til kennslustjóra í ensku til umsagnar**

Undanþágubeiðni frá fjórum einingum í stærðfræði og níu einingum í þriðja máli til stúdentsprófs af félagsfræðabraut

**Vísað til kennslustjóra í stærðfræði og í erlendum tungumálum til umsagnar**

**2. Skólasókn**

Skólaráð væntir þess að nemendur stundi skólann vel og sýni góða skólasókn. Sérstaklega verður fylgst með mætinu nýnema.

**3. Félagslíf og fjármál NFFG**

Stjórn nemendafélagsins hefur skipulagt dagskrá annarinnar og er hún birt á heimasíðu skólans. Nýnemaferð er frá miðvikudegi til fimmtudags. Þar mun stjórn nemendafélagsins kynna starfið. Sérstakt nýnemakvöld verður haldið í Urðarbrunni n.k.föstudag. Dagskrá hefst kl.19:30 og henni lýkur um kl.22:00. N.k.miðvikudagskvöld verður nýnemaball. Margar spennandi nýjungar verða á dagskrá vetrarins og hvetur skólaráð nemendur til að taka þátt í heilbrigðu félagslífi skólans.

**Fundinn sátu:**

Anna Guðrún Hugadóttir námsráðgjafi  
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Haukur Einarsson fulltrúi nemenda

Kristinn Þorsteinsson skólameistari  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Tómas Geir Howser Harðarson forseti NFFG  
Unnur Símonardóttir námsráðgjafi